Hafnarfjörður

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
b.t. Árna Rúnars Þorvaldssonar, formanns
Strandgata 8-10

Hafnarfjörður 9. nóvember 2026
Málsnúmer 2609196

Efni: Samningur um samræmda móttöku - viðauki

Á fundi fjölskylduráðs þann 13. október sl. var fjallað um beiðni félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um að framlengja samning við Hafnarfjarðarbæ um samræmda móttöku flóttafólks til 31.12.2027. Ráðuneytið vinnur að því að skoða framtíðarfyrirkomulag verkefnisins og er það mat þeirra að slíkar breytingar á þjónustukerfum geti ekki komið að fullu til framkvæmda fyrr en á síðari hluta árs 2027. Eftirfarandi bókun var gerð:

> Fjölskylduráð leggur áherslu á að áður en ákvörðun um endurnýjun samnings verði tekin þá liggi fyrir fullmótuð samningsdrög, ítarlegri kostnaðargreining á framkvæmd samningsins og mat á fjárhagslegum áhrifum fyrir Hafnarfjörð. Einnig leggur fjölskylduráð áherslu á að framtíðarfyrirkomulag verkefnisins verði unnið í samráði við sveitarfélögin og með hliðsjón af ábendingum og sjónarmiðum sem sveitarfélögin hafa komið á framfæri.

Reykjarvíkurborg samþykkti á fundi velferðarráð þann 4. nóvember sl. að framlengja samning um samræmda móttöku flóttafólks til 31. desember 2027 og þjónusta allt að 1.500 einstakling á grundvelli samnings.

Hafnarfjarðarbær er í dag að sinna þjónustu við 300-350 einstaklinga í samræmdri móttöku. Í meðfylgjandi viðauka er gert ráð fyrir að sveitarfélagið sinni að hámarki 350 einstaklingum á grundvelli samnings en spár Vinnumálastofnunar gera ráð fyrir talsverðri fækkun dvalarleyfa á árinu 2027. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 330 virkum notendum eða um 68.000.000 kr. yfir árið. Framlög á grundvelli samnings taka mið af fjölda virkra notenda í hverjum mánuði.

Virðingarfyllst,

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs

Fylgiskjöl:
1. V. viðauki v. þjónustusamnings um samræmda móttöku á árinu 1.1.2027-31.12.2027
2. Samningur um samræmda móttöku 1.1.2024-30.6.2024